

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2023



BORGARBYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA 2023

SAFNAHÚSS BORGAFJARÐAR

1 Safnahús

- 1.1 Almennt
- 1.2 Starfsmannamál
- 1.3 Öryggismál
- 1.4 Fjárhagur

2 Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

- 2.1 Tölulegar upplýsingar
- 2.2 Safnkostur og grísjun
- 2.3 Helstu verkefni og viðburðir

3 Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

- 3.1 Tölulegar upplýsingar
- 3.2 Helstu verkefni, viðburðir og miðlun
- 3.3 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2022

4 Munasafn

- 4.1 Tölulegar upplýsingar
- 4.2 Safnkostur
- 4.3 Helstu verkefni og viðburðir

5 Lokaorð



BORGARBYGGÐ

1. Safnahús Borgarfjarðar

1.1. Almennt um starfið á árinu

Í Safnahúsinu eru fimm söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness.

Heildarfjöldi gesta 2023		
Mánuður	Fjöldi	Meðaltal
Janúar	506	20,2
Febrúar	673	28,0
Mars	549	20,3
Apríl	447	21,3
Mái	598	24,9
Júní	1163	44,7
Júlí	881	33,9
Ágúst	941	36,2
September	877	33,7
Október	795	30,6
Nóvember	742	28,5
Desember	542	21,7
	8714	26,9

Í starfsemi hússins er menningarstefna Borgarbyggðar höfð að leiðarljósi og áhersla lögð á lifandi starfsemi, fræðslu og miðlun. Það er ánægjulegt að segja frá því að mikið líf var í kringum Safnahúsið 2023 og fjölgun gesta til marks um það en í lok árs höfðu 8714 heimsóknir verið skráðar eða að meðaltali 27 gestir á dag. Skráðir viðburðir voru 41 talsins. Áhersla ársins var að byggja upp Héraðsbókasafnið og vinna að því að stækka út hlut þess í samfélaginu. Árið var líka ár breytinga og flutninga en farið verður nánar í framgang þeirra mála í kaflanum um húsnæði og Héraðsbókasafnið.

Viðburðir á vegum Safnahúss og safna þess voru eftirfarandi árið 2023:

- 13.01. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur
- 13.01. Síðasti sýningar dagur á *Gaumstol, fantasíur og fúgur til fjalla*: Sýning á verkum Guðlaugs Bjarnasonar
- 13.01. *Fantasíur Matta*: Sýning á verkum Matthíasar Margrétarsonar
- 03.02. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur
- 17.02. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur
- 18. 02. Skiptimarkaður með grímubúninga
- 23. 02. Spilakvöld með spilavinum fyrir fjölskylduna
- 24. 02.-14.04. *Ungur nemur, gamall temur*: samstarfssýning með Grunnskólanum í Borgarnesi
- 27.02.-28.02. Vetrarfrís dagar, föndur og bío
- 28.02.-10.04. *Borgarnes Today*: ljósmyndir eftir Tolla
- 03.04. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur
- 05. -04. Páskaföndur fyrir fjölskylduna í umsjá Evu Láru Vilhjálmsdóttur
- 14.04. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur
- 08.05.-13.05. Barnamenningarhátíð



BORGARBYGGÐ

- 29. 04. -10.06. *Hóflegar játningar*: listasýning Sigþóru Óðinsdóttur
- 04.05. Garðyrkjuspjall: umsjón Sædís Guðlaugsdóttir garðyrkjufræðingur
- 03.06. Plöntuskiptadagur
- 08.06. Rappsmíðja fyrir 9.-12 ára börn
- 17.06. Þjóðhátíðardagurinn í Safnahúsinu, fánasmiðja, Fjallkonan í Borgarnesi í 30 ár
- 24.06. Bókamarkaður í tilefni af Brákarhátíð
- 30.06.-10.09. *Íslenski búningurinn. Spor eftir spor*: Sýning Margrétar Skúladóttur á þjóðbúningum saumaðir af henni
- 05.07.-01.09. *Heimsókn*: myndir úr ljósmyndasafni Júlíusar Axelssonar
- 02.09. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 09.09. *Blómstranna mæður*: Fyrirlestur Guðrúnar Hildar Rosenkjær um klæðnað kvenna á 18. og 19. öld á Íslandi
- 14.09. Kynning Sigurlaugar Dagsdóttur, starfsmanns Árnastofnunnar, á verkefninu *Sundhefð Íslendinga*
- 23.09.-21.10. *Blæbrigði*: Sýning Vatnslitafélags Íslands
- 05.10. *Gleymd skáld og gamlar sögur*: Kynning á bók Helga Bjarnasonar
- 06.10. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 20.10. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 21.10. Prinsessustund: Sögustund á íslensku og úkraínsku
- 28.10. Jól í skókassa
- 03.11. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 04.11.– 03.12. *In Memoriam*: sýning á verkum listamannsins Stefáns Geirs Karlssonar
- 16.11. Ljóð að láni: dagskrá á héraðsbókasafni í tilefni af degi íslenskrar tungu
- 17.11. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 18.11. Listasmiðja fyrir börn
- 29.11. Bókakynning á nýjum bókum
- 01.12. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jónhönnu Skúladóttur
- 03.12. *Jól í Safnahúsinu*: sýningaropnun og jólaföndur
- 12.12. Jól í nýju landi: frásagnir íbúa af erlendum uppruna af jólahaldi
- 23.12. Þorláksmessa í Safnahúsi: aðstoð við innpökkun á gjöfum. Tónleikar Evu Símonar og Þórarins Torfa

Auk framan taldra viðburða var bókaklúbbur eitt kvöld í mánuði allt árið og foreldramorgnar alla miðvikudagsmorgna á vegum bókasafnsins. Sýningin *Ævintýri fuglanna* sem er á jarðhæð



BORGARBYGGÐ

Safnahússins var opin frá 10. maí og fram til 10. september, þegar flutningar úr varðveisluhúsnæðinu á Sólbakka hófust og nýta þurfti allt mögulegt rými á hæðinni undir muni og listaverk.

1.2. Starfsmannamál

Í byrjun árs 2023 störfuðu hjá Safnahúsinu 3 starfsmenn í fullu starfi; Jóhanna Skúladóttir héraðskjalavörður, Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður og Þórunn Kjartansdóttir forstöðumaður menningarmála. Ásmundur Þór Guðmundsson var í 50% starfi og var aðstoð bæði við skjalasafn og bókasafn. Sandri Shabansson var áfram í afleysingu eins og undangengin ár og kom inn í 100 % starf yfir sumarið. Helga Jóhannsdóttir sá um ræstingu en lét af störfum 1. apríl eftir nær 17 ár í starfi og fær hún miklar þakkir fyrir sitt starf. Um áramót lét Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir af störfum við Safnahúsið og er henni þakkað fyrir sín störf. Í mars hófu störf þær Elín Sigurborg Harðardóttir og Kolbrún Anna Björnsdóttir í 50 % starfshlutfalli hvor. Í lok árs komu Linda Björk Jakobsdóttir og Hafþór Ingi Gunnarsson í tímabundna verkefnavinnu í kringum flutninga safnmuna frá Sólbakka og sömuleiðis jók Elín Sigurborg við sig starfshlutfalli tímabundið vegna vinnu við flutninga auk þess að sjá um ræstingar fram á haustið eða þangað til Marta Anna Mosinska kom til starfa í ræstingar. Við árslok 2023 störfuðu hjá Safnahúsi Borgarfjarðar 8 starfsmenn í 5,2 stöðugildum.

1.3. Húsnæði og öryggismál

Safnahús Borgarfjarðar er staðsett við Bjarnabraut 4-6. Það húsnæði var upprunalega reyst fyrir Prjónastofu Borgarness árið 1978 og er því upprunalega iðnaðarhúsnæði. Safnahúsið hefur verið með starfsemi sína í húsinu frá 1987, fyrst á 2. hæð og risi, en núna hefur Safnahúsið allt húsið til umráða. Auk þess eru munir og gögn safnanna varðveitt í geymsluhúsnæði við Sólbakka og í fyrrum sláturhúsi í Brákarey. Húsnæðið í Brákarey er engan vegin fullnægjandi og þó með innbrots-reyk- og lekavörnum sem tengdar eru viðvörðunarkerfi Securitas.

Á Bjarnabraut er leka- og brunavarnarbúnaður, tengdur viðvörðunarkerfi Securitas (Pálssafn, skjalasafn, sýningarsalir, geymsluloft og bókasafn). Hreyfiskynjarar eru við innganga og brunaútgangar eru merktir og tryggðir. Rýmingaráætlun er fyrir hendi og Slökkvilið Borgarbyggðar er með lykil að byggingunni. Á Sólbakka er einnig öryggiskerfi auk þess sem Slökkvilið hefur eftirlit með húsnæðinu. Safnahús hefur starfsleyfi og nýtur viðurkenningar Safnaráðs Íslands.

Þann 14. júní kom úttektaraðilinn, Þórdís Baldursdóttir fyrir hönd Safnráðs Íslands, og var húsnæði Byggðarsafnsins tekið út: þ.e. sýningarrými og varðveislurými á Bjarnabraut,



BORGARBYGGÐ

varðveislurými á Sólbakka og út í Brákarey. Þetta er hluti af eftirliti sem viðurkennd söfn gangast undir með reglulegu millibili. Þessi úttekt var framhaldsúttekt eftir úttekt 2018, til að fylgja eftir þeim ábendingum sem þá voru gerðar á þessum sömu rýmum. Skýrsla um þessa úttekt var í framhaldinu send til umsjónarmanns fasteigna hjá Borgarbyggð. Ljóst er að varðveislurýmið í Brákarey er með öllu óásættanlegt og stafar munum sem þar eru hætta af veru sinni þar, þar sem þar eru að auki ekki viðunandi vinnu aðstæður fyrir starfsfólk og ljóst að enginn fer þangað nema brýn nauðsyn beri til og aldrei nema í samráði við forstöðumann menningarmála.

Sú staða kom upp í byrjun sumars að varðveislurými/geymslur á Sólbakka sem Safnahúsið hefur haft til umráða frá árinu 2013 þyrfti að fara undir aðra starfsemi og finna þyrfti þeim munum og skjölum, sem þar hafa verið geymd, nýjan stað fyrir árslok. Tekin var ákvörðun um að breyta hluta af jarðhæð Bjarnabrautar sem áður var sýningarrými og kaffistofa starfsmanna í geymslurými eða um alls 245 m². Auk þess var tekin ákvörðun að breyta geymslusvæði bókasafns á 2. hæð í skjalageymslu fyrir Héraðsskjalasafn, alls 56.5 m². Færa þurfti því þau bókasafnsgögn sem þar voru upp á loft þar sem ekki væri hægt að grísa. Ein af þremur skrifstofum starfsmanna á 2. hæð verður tekin undir kaffistofu, en á móti fer hluti af lestrarsal bókasafns undir skrifstofu skjalavarðar. Þrengt er töluvert að allri starfsemi í húsinu með þessum ráðstöfunum og það á bæði við um sýningar og geymslurými Byggðarsafnsins en jafnframt aðstöðu starfsmanna. Í byrjun október var hafist handa við að rífa niður milliveggi í sýningarrýminu á 1. hæð, sem ennþá stóðu eftir að sýningin *Börn í 100 ár* var tekin niður, til að hægt væri að byrja flytja muni frá Sólbakka. Fyrir árslok 2023 náðist að tæma rýmið á Sólbakka og koma öllu fyrir í tímabundnum varðveisluræði á Bjarnabraut meðan beðið er eftir því að nýju geymslurýmið á 1. hæð verði tilbúin.

1.4. Fjárhagur

Í fjárhagsáætlun Borgarbyggðar ársins 2023 var gert ráð fyrir allt að 93.133.577 kr. í rekstur Safnahúss. Heildarútgjöld við lok árs raungerðust í 85.818.740 kr. og voru því vel innan þess ramma sem lagt var upp með, eða því sem nemur 7.314.837 kr. Þegar rýnt er í kostnaðarliði við rekstur Safnahússins, þá er launakostnaður áfram stærstur eins og undanfarin ár, en laun og launatengd gjöld námu 56.107.780 kr. Rekstur húsnæðis á vegum Safnahúss nam 23.742.321 kr. þar af var innri leiga 21.622.080 kr. Tekjur Safnahúss á árinu 2023 námu 6.316.754 kr. Inn í þessari tölu er meðal annars Framlag Hvalfjarðarsveitar til Safnahúss og safna þess en það nam 1.639.345 kr. og eru samkvæmt þjónustusamningi. Styrkir til safna Safnahússins og starfsemi þess voru nokkrir á árinu og þökkum við fyrir þann mikla stuðning sem liggur í slíkum styrkjum og trú á gott og faglegt starf stofnunarinnar.




Eftirfarandi styrkir fengust fyrir árið 2023¹

Safnaráð Íslands; v. Sumar sýningar	500.000,-
Safnaráð Íslands; undirbúningur grunnsýningar	1.800.000,-
Safnaráð Íslands; símenntunarstyrkur	142.000,-
Uppbyggingarsjóður Vesturlands	500.000,-
Þjóðskjalasafn; rekstrarstyrkur skjalasafna	699.648,-
Þjóðskjalasafn; verkefnastykur skjalasafna	120.000,-

Sundurliðun á útgjöldum og tekjum	
Launakostnaður	56.107.780 kr
Innri leiga	21.622.080 kr
Rekstur húsnæðis	1.929.479 kr
Sameiginlegur rekstrar kostnaður	1.929.955 kr
Kostnaður vegna flutninga	717.711 kr
Tryggingar	190.762 kr
Endurgreiðsla sveitafélaga	- 1.639.345 kr
Endurgr. Vinnumálastofnunnar	- 959.956 kr
Kostnaður Héraðsbókasafns	6.486.733 kr
Tekjur Héraðsbókasafns	- 295.098 kr
Styrkir til Héraðsbókasafns	- 300.000 kr
Kostnaður Héraðsskjalasafns	482.227 kr
Styrkir til Héraðsskjalasafns	- 100.000 kr
Tekjur Héraðsskjalasafns	- 16.900 kr
Endurgreiðsla ríkissjóðs	- 722.000 kr
Kostnaður munasafna	2.668.767 kr
Tekjur munasafna	- 241.455 kr
Styrkir til munasafns	- 2.042.000 kr
Samtals	85.818.740 kr

Hlutfall skipting kostnaðar



1 Styrkirnir komu ekki allir til greiðslu á þessu ári, þar sem þeir eru greiddir eftir að verkefnum líkur og sum verkefni eru ennþá í vinnslu. Á móti komu styrkir frá fyrri árum sem farist hafði fyrir að kalla eftir greiðslum á eða verkefni ekki klárast fyrr en á þessu ári. Í tekjulið Safnahúss fyrir árið 2023 eru tilgreindar þær tekjur og styrkir sem voru greiddir út á því ári



BORGARBYGGÐ

2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Héraðsbókasafn Borgarfjarðar var stofnað 1956 þegar sett voru á Alþingi lög og skyldur sveitarfélaga til að halda úti almenningsbókasöfnum. Saga bókasafna og lestrarfélaga í héraðinu er þó meira en 100 árum eldri.

Afgreiðslutími bókasafnsins tók breytingum á árinu, frá því í maí hefur húsið verið opið frá 10-17 alla virka daga og frá 11-14 á laugardögum. Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður sá um dagleg störf á bókasafninu, innkaup og umsjón með safnkosti, hélt utan um grisjunaráætlun og afgreiðslu. Sandri Shabansson sá um afgreiðslu á laugardags opnunum og tilfallandi afleysingu. Þá vann Ásmundur Þór Guðmundsson einnig ýmiss störf fyrir bókasafnið að vetri til eins og fyrri ár.

2.1 Tölulegar upplýsingar

Gestir á bókasafninu á árinu 2023 voru alls 6380 manns, sem eru rúmlega 800 fleiri gestir en árið 2022 þegar gestafjöldi var 5560. Heildarfjöldi eintaka í bókasafnskerfinu Gegni í árslok 2023 voru 43.615 eintök. Nýskráð eintök á safninu á árinu voru 784 og afskráð eintök 2932. Heildarútlán á árinu 2023 voru 7845 eintök (þar með taldar endurnýjanir). Er um aukningu á milli ára að ræða sem nemur rúmlega 400 útlánum.

2.2 Safnkostur og grisjun

Á árinu urðu veigamiklar breytingar gerðar á bókasafninu. Veggur sem áður markaði upphaf bókasafnsins var fjarlægður, afgreiðslan færð framfyrr og barnahorn var stækkað og færð í hinn enda safnsins þar sem afgreiðsla m.a. stóð áður. Þá var sethorn bókasafnsins einnig fært og nú staðsett fremst á safninu sem gefur miklu meiri nýtingarmöguleika. Að auki voru aðrir rekkar færðir eða teknir, nýr útbúnaður á hjólum var keyptur, setróllur settar upp sem síðar urðu sívinsælar. Vaxandi spiladeild fundinn góður staður og svo mætti áfram telja. Bókasafnið var að auki málað að



BORGARBYGGÐ

hluta í nýjum lit sem gefur því ferskara útlit. Af þessum sökum var talsvert rask á bókasafninu í nokkrar vikur á fyrri hluta ársins, en safninu var þó ekki lokað á meðan. Samhliða þessu fór fram áframhaldandi grisjun safnkosts sem birtist meðal annars í fjölda afskráðra eintaka í liðnum hér að framan.

2.3 Helstu verkefni og viðburðir

Bókasafnið tók þátt í mörgum viðburðum á viðburðaráíku ári safnahússins, þeir viðburðir eru tíundaðir á öðrum stað í skýrslu þessari. Við breytinguna á bókasafninu, sem nefnd er hér að ofan, skapaðist rými inni á bókasafninu fyrir viðburði og þar hafa ýmsir viðburðir verið haldnir, meðal annars bókakynningar og ýmiss konar fyrirlestrar. Af föstum liðum má nefna Foreldramorgna á miðvikudögum og fundum Bókaklúbbsins einu sinni í mánuði. Sumarlestur var háður sem fyrr fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Að þessu sinni var sameiginlegt átak meðal almenningsbókasafna að ræða, þó hvert safn hafi án efa lagað það að sínum þörfum. Í þetta sinn var leitað að lestrarmeisturum þar sem lestur úr ákveðnum efnisflokkum lá til grundvallar því að safnað var ákveðnum fjölda límmiða fyrir lesnar bækur. Að venju var sumarlesturshátíð haldin í lok átaksins, nú inni á bókasafninu sjálfu. Í annað sinn var boðið upp á Jólabókalestur á aðventunni fyrir grunnskólanemendur, nokkrir árgangar Grunnskólans í Borgarnesi nýttu sér það. Garðyrkjuspjall var í fyrsta sinn haldið í maí þar sem Sædis Guðlaugsdóttir, garðyrkjufræðingur, var gestur. Líklegt er að þannig spjall geti orðið að árvissum viðburði þegar vora fer.

Þá má einnig nefna ýmislegt annað starf bókasafnsins, svo sem tilfallandi útstillingar á bókakosti, bókakoffort fyrir leikskóla, og skiptimarkað fyrir grímubúninga. Boðið var upp á *Ljóð að láni* á Degi íslenskra tungu þar sem starfsfólk var reiðubúið að lesa ljóð fyrir gesti safnsins. Í lok árs var boðið upp á ratleik um lendur bókasafnsins svo eitthvað sé nefnt. Hugað var sérstaklega að lesefni fyrir erlenda íbúa á árinu. Skólahópar komu öðru hvoru á safnið, bæði leikskólar og grunnskólar og einnig komu nemendur úr Menntaskóla Borgarfjarðar í heimildaleit.

Sævar Ingi héraðsbókavörður sótti vörfund SFA (Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna) á Blönduósi í maí og Landsþing Upplýsingar í Hafnarfirði um haustið, en landsþingið er jafnan haldið annað hvert ár og það sækir starfsfólk bókasafna og annarra skyldra stofnana, bæði almennings, skóla og sérsafna.

Í Borgfirðingabók ársins birtist grein Helga Bjarnasonar og Sævars Inga héraðsbókavardar um blöð og tímarit í Borgarfirði, sú grein er að hluta byggð á heimildaöflun Sævars í gegnum tíðina.

Í lok árs var hafist handa á nýjan leik við að tengja safnkost Pálssafns við bókasafnskerfið Gegni. Nokkuð er um liðið frá því eintök voru síðast tengd við kerfið, verkinu verður áframhaldið á



árinu 2024 og er það unnið undir handleiðslu starfsfólks Landskerfis bókasafna, sem rekur Gegni. Sandri Shabansson mun að mestu annast verkið meðfram afgreiðslustörfum.

Það er mjög gleðilegt og eflandi að sjá að breytingar á húsnæði bókasafnsins, viðburðir og aðrar upptökur skuli laða að fleiri gesti á bókasafnið frá ári til árs, því starfsemi bókasafns snýst vissulega um meira en útlán bóka.



BORGARBYGGÐ

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Héraðsskjalasafnið var stofnað árið 1961. Safnið starfar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt um Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar frá 2011. Umdæmi skjalasafnsins er Borgarbyggð með þjónustusamning við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá kl. 8:00-16:00 virka daga nema á miðvikudögum er hann á milli kl. 8:00-12:00 og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 17:00. Stærsti hluti safnkostsins er varðveittur í skjalageymslu Héraðsskjalasafnsins á 2. hæð í Safnahúsi Borgarfjarðar. Rýma þurfti fjargeymslu Safnahússins á Sólbakka og voru skjalagögn, sem þar voru geymd, flutt til bráðabirgða á 1. hæð Safnahússins þar til að lokinni stækkun á skjalageymslunni.

Umsjónarmaður safnsins er Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður. Starfsmenn í sérverkefnum skjalasafnsins eru Sandri Sjabanson, Ásmundur Guðmundsson og Elín Sigurborg Harðardóttir.

3.1 Tölulegar upplýsingar

Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2023 voru alls 32, en voru 35 árið 2022. Engar stórar afhendingar voru á árinu, en aðföng ársins fylltu 5,44 hillumetra af skjölum sem er svipað og árið áður, en þá komu 5 hillumetrar af gögnum til safnsins. Skráðar gestakomur á skjalasafnið árið 2023 voru 279, en árið áður voru skráðar gestakomur 107 talsins. Talin erindi og fyrirspurnir ársins 2023 voru 274, en 170 árið áður. Skráður var fjöldi askja sem notaðar voru af safngestum á lessal og reyndust þær vera 150 árið 2023, en 135 árið 2022. Millisafnalán voru 5 árið 2023, en 4 árið áður.

3.2 Helstu verkefni, viðburðir og miðlun

Hefðbundin starfsemi skjalasafnsins felst í viðtöku skjala afhendingaskyldra aðila og einkaaðila, skráningu og aðgengi að safnkostinum, afgreiðslu fyrirspurna, eftirlit og ráðgjöf með skjalahaldi afhendingaskyldra aðila og því að stuðla að miðlun og rannsóknum á safnkostinum. Aðfangaskrá safnsins og skjalaskrár eru skráðar í FileMaker Pro 16 gagnagrunn. Ekki hefur náðst að fullskrá öll aðföng í skjalaskrár strax, heldur er unnið að því eftir sem tími gefst til, en í afhendingaskrá er skráð strax við komuna. Skjöl frá skilaskyldum aðilum koma yfirleitt skráð og flokkuð á safnið og komin í viðeigandi umbúðir, en það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu óskráð og óflokkuð og þarf því að ganga frá þeim afhendingum með viðeigandi hætti. Einnig þarf að endurskrá og yfirfara eldri skrár áður en þær eru birtar á miðlunarvef safnsins með tilliti til aðgengis sem ræðst m.a. af lögum um opinber skjalasöfn, upplýsingalögum og lögum um persónuvernd.



Viljayfirlýsing var undirrituð haustið 2022 um samstarf héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu sveitarfélaga og þeirra verkefna sem leiða af henni eins og tilkynningum, móttöku og langtímavarðveislu rafrænna gagna. Á þessu ári var síðan stofnuð Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræn skil, MHR. Starfsmaður hennar er Brjánn Fransson. Héraðsskjalasöfnin og MHR, hafa verið í samstarfi við NEA, sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga í Danmörku og tóku héraðsskjalasöfnin við nokkrum afhendingum á árinu. Þær eru varðveittar hjá viðkomandi söfnum og öryggisafrit varðveitt miðlægt. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar hefur ekki enn tekið á móti beiðni um rafræn skil frá afhendingaskyldum aðilum, en gera má ráð fyrir að þess sé að vænta fljótlega.

Skjalasafnið hefur verið með myndgreiningafundi um það bil annan hvern föstudagsmorgun yfir vetrarmánuðina. Einnig hafa umsjónarmenn félagsstarfsins að Borgarbraut 65a fengið myndir til að sýna á fundum. Vel hefur verið mætt á þessa myndgreiningafundi og góðar upplýsingar fást um myndakostinn sem er sýndur. Þar að auki miðlar safnið þessum myndakosti til almennings sem er eitt af mikilvægum hlutverkum skjalasafna.

Héraðsskjalasafnið miðlar skjalaskrá, skjölum og ljósmyndum á miðlunarvefnum safnahus.myndhlaða.is. Veflausnin er hönnuð af Ágústi Inga Kjartanssyni og Þorsteini Tryggva Mássyni og er notuð á fleiri héraðsskjalasöfnum. Til þess að skrá lýsigögn ljósmynda svo hægt sé að birta þær á vef var keypt aðild að skráningarhluta forritsins FotoStation. Mikill hagur er í að koma sem flestum skjalaskrá á miðlunarvefinn þannig að notendur geti gert sér grein fyrir safnkostinum eða jafnvel skoðað hann á netinu. Léttir það einnig vinnuna hjá skjalaverði vegna afgreiðslu fyrirspurna.

Enn vantar upp á að allar skjalaskrár séu birtar á vef, en til eru útprentuð eintök af skjalaskránum til skoðunar. Skjalasafnið er með fésbókar-síðu þar sem m.a. er auglýst t.d. myndamorgnar og birtir með góðum árangri óþekktar ljósmyndir til þess að freista þess að fá upplýsingar um myndefnið. Ljósmyndum úr eigu safnsins er einnig miðlað á www.sarpur.is. Skjalasafnið er með öðrum héraðsskjalasöfnum, Þjóðskjalasafni Íslands, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni aðili að vefnum einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn. Einnig er skjalasafnið aðili að óðfræðivefnum Braga, <https://bragi.arnastofnun.is/> og hefur þar sett inn kveðskap úr safninu.

Sumarsýning héraðsskjalasafnsins var sýnd í sjónvarpi Safnahússins og nefndist hún *Heimsókn, sýning á ljósmyndum Júlíusar Axelssonar*. Sýndar voru ljósmyndir frá heimsóknum Júlíusar á ýmsa staði og einnig frá heimsóknum til Júlíusar og Axels Kristjánssonar, föður hans á heimili þeirra að Þorsteinsgötu 23, Borgarnesi. Unnið hefur verið í áföngum að stóru myndasafni Júlíusar og veitti Uppbyggingasjóður Vesturlands styrk til þess á árinu.

Héraðsskjalavörður sótti ráðstefnu Félags héraðsskjalavara á Íslandi, sem haldin var á Ísafirði 28.-29. september og fund opinberra skjalasafna sem haldinn var 4. desember í Þjóðskjalasafni Íslands.



BORGARBYGGÐ

Að vanda voru þetta góðar og gagnlegar samkomur með blöndu af faglegri fræðslu og samveru. Einnig sótti héraðsskjalavörður fræðslu á sínu fagsviði hjá Þjóðskjalasafni Íslands, Félagi héraðsskjalavarða á Íslandi og Félagi um skjalastjórn.

Héraðsskjalasafnið fékk góðar heimsóknir á árinu og var líklega sú fjölmennasta 15. september þegar starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands kom í starfsmannaferð í Borgarnes og heimsótti Safnahús og Héraðsskjalasafnið. Farið var í gönguferð um neðri bæinn með leiðsögn Heiðars Lind Hanssonar, Borgnesings, sem er nú starfsmaður Þjóðskjalasafns.

1.3 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2023

- 2023/1 Ingimundur Ingimundarson (29.1.1944) Borgarnesi. 0,05 hillumetrar. Ingimundur Ingimundarson afhenti.
- 2023/2 Leirár- og Melahreppur. 0,07 hillumetrar. Erla Dís Sigurjónsdóttir afhenti.
- 2023/3 Vigdís Auðunsdóttir (28.6.1922-29.2.2012) og Eypór J. Kristjánsson (20.7.1918-14.3.1997) Borgarnesi. 0,45 hillumetrar. Þorsteinn Eypórsson afhenti.
- 2023/4 Guðrún Salómundsdóttir (28.10.1902-25.2.1991) Skeljabrekku. 0,02 hillumetrar. Aðalheiður Ása Jónsdóttir afhenti.
- 2023/5 Veiðifélag Þverár. 1,40 hillumetrar. Ólafur Magnússon afhenti.
- 2023/6 Bára Stefánsdóttir (19.10.1969) Reykjavík. 0,01 hillumetrar. Bára Stefánsdóttir afhenti.
- 2023/7 Halldór Benónýsson (5.4.1903-29.8.1973) Krossi Lundarreykjadal. 0,05 hillumetrar. Óskar Halldórsson afhenti.
- 2023/8 Helgi Jósep Halldórsson (17.11.1915-13.10.1987) frá Kjalvararstöðum. 0,07 hillumetrar. Guðný Helgadóttir afhenti.
- 2023/9 Giljar, Hálsasveit. 0,05 hillumetrar. Hrönn Geirsdóttir afhenti.
- 2023/10 Framsóknarfélag Mýrasýslu. 0,05 hillumetrar. Jenný Lind Egilsdóttir afhenti.
- 2023/11 Eyjólfur Gíslason (5.3.1854-28.12.1944) Hofsstöðum, Hálsasveit. 0,07 hillumetrar. Þorleifur Geirsson afhenti.
- 2023/12 Ingibjörg Þorleifsdóttir (31.5.1920-1.7.1990) Borgarnesi. 0,07 hillumetrar. Þorleifur Geirsson afhenti.
- 2023/13 Jóhanna Gunnlaugsdóttir (29.12.1924-18.4.2012) frá Efri Harrastöðum. 0,01 hillumetri. Gunnlaugur Sigmarsson afhenti.
- 2023/14 Helgi Bjarnason (14.7.1953) frá Laugalandi. 0,16 hillumetrar. Helgi Bjarnason afhenti.
- 2023/15 Jón Björnsson (26.10.1858-3.9.1948) og Ragnhildur Erlendsdóttir (19.10.1865-20.2.1954) Ölvaldsstöðum. 0,16 hillumetrar. Gylfi Björnsson afhenti.
- 2023/16 Sinawikkлубburinn Sunna í Borgarfirði. 0,05 hillumetrar. Hildur Traustadóttir afhenti.



- 2023/17 Jón Hjálmsón (19.1.1909-5.4.1956) frá Heyholti. 0,03 hillumetrar. Hlíf Sigurðardóttir afhenti.
- 2023/18 Samtök um kvennalista á Vesturlandi. 0,16 hillumetrar. Danfríður Skarphéðinsdóttir og fleiri afhentu.
- 2023/19 Leikskólinn Klettaborg, Borgarbyggð. 0,03 hillumetrar. Steinunn Baldursdóttir afhenti.
- 2023/20 Ragnheiður Sigurðardóttir (18.9.1921-15.12.2014) frá Kolsstöðum. 0,03 hillumetrar. Helga Hansdóttir afhenti.
- 2023/21 Varmalandsskóli. 0,07 hillumetrar. Flemming Jessen afhenti.
- 2023/22 Sorpurðun Vesturlands. 0,05 hillumetrar. Hrefna Jónsdóttir afhenti.
- 2023/23 Andakílsheppur. 1,50 hillumetrar. Magnús B. Jónsson afhenti.
- 2023/24 Sigursteinn Þorsteinsson (9.10.1901-5.1.1988) Búrfelli. 0,10 hillumetrar. Jóna Símónía Bjarnadóttir afhenti.
- 2023/25 Slökkvilið Borgarbyggðar. 0,01 hillumetri. Bjarni Þorsteinsson afhenti.
- 2023/26 Lionsklúbbur Borgarness. 0,07 hillumetrar. Ásgerður Stefánsdóttir afhenti.
- 2023/27 Lionsklúbbur Borgarness. 0,03 hillumetrar. Skúli Ingvarsson afhenti.
- 2023/28 Félag iðnaðarmanna í Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Örn Símónarson afhenti.
- 2023/29 Borghreppingamót. 0,05 hillumetrar. Þórólfur Sveinsson afhenti.
- 2023/30 Borgarbyggð. 0,05 hillumetrar. Þórólfur Sveinsson afhenti.
- 2023/31 Grunnskóli Borgarfjarðar – Kleppjárnsreykjadeild. 0,33 hillumetrar. Ingibjörg Adda Konráðsdóttir afhenti.
- 2023/32 Guðbjartur Á. Ólafsson (12.12.1948). 0,14 hillumetrar. Guðbjartur Á. Ólafsson afhenti.



BORGARBYGGÐ

4. Munasafn

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Umsjón með sýningum, rannsóknum og munum þessar þriggja safndeilda er í höndum Þórunnar Kjartansdóttur. Kolbrún Anna Björnsdóttir heldur utan um starfsemi Listasafns Borgarness, sér um skráningu muna og sýningarhönnun. Elín Sigurborg Harðardóttir heldur utan um skaðvaldavöktun, umsjón með heimasíðu, skipulagningu í geymslum og sá um skráningu og skipulag við flutninga frá Sólbakka.

4.1 Tölulegar upplýsingar

Sýningar á vegum munasafns voru fjórar á árinu. Fyrst bera að nefna *Ævintýri fuglanna* sem hefur verið hluti af sýningardagskrá Safnahússins frá 2013. *Ungur nemur gamall temur*, sýning úr safneign í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi og Önnu Sigríði Guðbrandsdóttur myndmenntakennara við skólann. *Íslenski búningurinn. Spor eftir spor* í samvinnu við Margréti Skúladóttur handverkskonu og að endingu *Jólasýning Safnahússins* þar sem jólatengdir munir byggðasafnsins voru til sýnis. Gestir á þessar sýningar og viðburði tengdar þeim voru 3391 á árinu.

Skráðir gripir byggðasafnsins eru 10.242 og bættust við safneignina á árinu 5 gripir:

- 10238 brjóstnæla úr eigu Sigríðar Teitsdóttur frá Hítardal.
- 10239 Freyðivínglas úr flaki Pourquor-Pas, afhent af Stefáni Axelssyni
- 10240 Vínflaska úr flaki Pourquor-Pas, afhent af Stefáni Axelssyni
- 10241 Sérviðtupoki saumaður af Ingunni Egilsdóttur
- 10242 Telpukjöll og undirbuxur saumað af Ingunni Egilsdóttur.

Skráðir gripir náttúrugripasafns eru 1009 og hefur ekkert bættst við safneignina frá 2021.

Skráð verk á listasafni eru 811 og bættist ekki í safneignina á árinu.

Safnkostur Listasafns Borgarness og Náttúrugripasafns Borgarfjarðar hefur allur verið ljósmyndaður og skráður og færður inn í Sarp, sarpur.is sem er sameiginlegur skráningargrunnur safna á Íslandi. Safnkostur Byggðasafns Borgarfjarðar er allur skráður, en aðeins hluti hans hefur verið ljósmyndaður og færður inn í sameiginlegan gagnagrunn.



4.2 Helstu verkefni og viðburðir

Undir munasafn, heyrir eins og áður hefur komið fram, þrír safnhlutar sem eiga það sameiginlegt að safneign þeirra er að stærstum hluta áþreifanlegir munir sem bæði þurfa töluvert pláss og góða aðhlynningu til að tíminn verði þeim ekki að falli. Umfangsmesta verkefnið þetta árið var annars vegar að ganga frá og hreinsa þá muni sem eftir voru af grunnsýningunni *Börn í 100 ár* og ekki náðist að klára á árinu 2022. Hitt stóra verkefnið var að flytja safneignina sem var á Sólbakka yfir í húsnæðið við Bjarnabraut. Um var að ræða alla listmuni Listasafnsins, yfir 640 muna Byggðasafnsins, alls 53 vörubretti og 27 stórum kössum. Þar að auki 10 vörubretta af skjölum frá Héraðsskjalasafninu og síðan hillueiningar og listaverkaskáps sem munirnir voru geymdir í. Ofan á þetta bættist að fluttir voru 53 munir Byggðasafnsins á 9 vörubrettum frá geymslusvæði í Brákarey yfir á Bjarnabrautina til að verja þá skemmdum vegna aðstæðna sem þar eru. Pakka þarf hverjum mun inn á sem bestan hátt, þannig að hann þoli bæði flutningana og geymslu á tímabundinni staðsetningu meðan verið er að útbúa varanlegar geymslur á Bjarnabraut. Útbúið var skipulag yfir hvar hver hlutur væri staðsettur til að hægt væri að ganga að honum vísum og auðvelda þá vinnu þegar munirnir verða fluttir í varanlegar geymslur, sem fyrirhugað er að farið verði í að útbúa á árinu 2024.

Eins og áður hefur komið fram voru 4 sýningar í Safnahúsinu í tengslum við munasöfnin og fræðasvið þeirra. *Ævintýri fuglanna* sem hefur verið hluti af fastasýningum safnsins í 10 ár og hefur alltaf mikið aðdráttarafl bæði meðal heimamanna og ferðamanna sem heimsækja safnið. Í samvinnu við Grunnskólann í Borgarnesi og Önnu Sigríði Guðbrandsdóttur var sett upp sýningin *Ungur nemur, gamall temur*. Þar voru valin verk úr safneign Listasafnsins og nemendur skólans unnu sín eigin verk í tengslum við þau. Á meðan á sýningunni stóð stækkaði hún því smátt og smátt með verkum nemenda, sem stillt var upp við hlið fyrirmýnda sinna.

Sumarsýningin þetta árið var *Íslenski búningurinn: Spor eftir spor*, þar sem Margrét Skúladóttir sýndi fjöldan allan af þjóðbúningum sem hún hefur saumað og lagað í gegnum tíðina. Sýningin var sett upp í samvinnu við Margréti og Guðrúnu Hildi Rosenkjær hjá Annríki sem lánaði þrjá af sínum búningum fyrir sýninguna. Hönnun þessarrar sýningar var í höndum Kolbrúnar Önnu Björnsdóttur og Þórunnar Kjartansdóttur, sem einnig sá um rannsóknarvinnu og textagerð fyrir sýninguna. Í desember var svo leikurinn endurtekinn frá fyrra ári og jólatengdir munir Byggðarsafnsins voru til sýnis í rýmum hússins og jólakveðjur liðinna ára ómuðu um húsið.

Auk þessarra sýninga voru þrjár listsýningar settar upp í Hallsteinssal á árinu, auk þess sem sýning Guðlaugs Bjarnasonar *Gaumstol, fantasíur og fúgur til fjalla* frá árinu áður var uppi fram í



miðjan janúar. Sýning Sigþóru Óðinsdóttur *Hóflegar játningar* var sett upp í apríl. Þar sýndi Sigþóra nýjustu verk sín og innsetningu og var með leiðsögn fyrir börn í tengslum við Barnamenningarhátíðina OK. Í september var Vatnslitafélag Íslands með samsýningu 42 félagsmanna *Blæbrigði* og í nóvember var yfirlitssýning á verkum Stefáns Geirs Kallssonar *In Memoriam* sem dóttir hans Ilmur Stefánsdóttir hafði veg og vanda af. Stefán Geir féll frá nú í haust, en var fram á síðasta dag að leggja drög að þessarri síðustu sýningu sinni og færum við Ilmi okkar bestu þakkir að hafa tekið við keflinu af föður sínum þrátt fyrir missinn.



5. Lokaorð

Hér að framan hefur verið talið upp og útlistað helstu verkefni og áherslur Safnahúss Borgarfjarðar ár árinu 2023. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessu starfsári og hefur starfið tekið mið af því. Unnið var að því með markvissum hætti að efla starfið og sýnileika Safnahússins og er sýnilegur árangur af því bæði í fjölda viðburða sem og fjölgun gesta. Áskoranir mættu líka starfsfólki og ljóst er að það margt af því sem lagt var upp með í byrjun árs varð að víkja fyrir aðkallandi verkefni sem fólst í því að ná að flytja stóran hluta safneignarinnar á milli staða á aðeins 5 mánuðum og koma henni fyrir með viðundandi hætti. Ljóst er að þessu verkefni er ekki lokið og árið 2024 mun fara í áframhaldandi vinnu við þessa flutninga, koma munum betur fyrir. Ekki verður hægt að byrja að huga að nýrri fastri sýningu fyrir Byggðasafnið eins og til stóð á þessu ári fyrr en búið verður að ganga frá nýju geymslurými og koma mununum þar. Fyrst og fremst út af þeirri staðreynd að núverandi staðsetning gripa er í fyrirhuguðu sýningarrými og hins vegar þess að þetta er stór framkvæmd fyrir lítið safn og við þurfum allar hendur á dekk til að komast yfir verkefnið.



BORGARBYGGÐ

Ábyrgðarmaður: Þórunn Kjartansdóttir forstöðumaður menningarmála.

Meðhöfundar: Jóhanna Skúladóttir og Sævar Ingi Jónsson

Yfirlesari: Elín Sigurborg Harðardóttir.



BORGARBYGGÐ